

UMGENGNISREGLUR

ÍPRÓTTAMANNVIRKJA MÝRDALSHREPPS

1. Almenn umgengni og háttsemi

- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur viðkomandi svæðis. Markmiðið er að tryggja jákvæða upplifun og öryggi fyrir alla notendur.
- Notendur skulu ganga snyrtilega um mannvirkir, hvort sem um er að ræða ípróttavöll eða innanhúsaðstöðu, og ganga frá eftir sig.

2. Hreinlæti

- Útiskór eru ekki leyfðir á innanhússæfingasvæðinu. Notendur skulu nota innanhússsko til að viðhalda hreinlæti.
- Gestir skulu henda öllu rusli í viðeigandi ílát og gæta þess að bæði ípróttahús og líkamsrækt haldist hrein.

3. Öryggi

- Börn eiga ekki að vera eftirlitslaus inn í ípróttasal, hvorki á skólatíma né frítíma.
- Öryggisreglur skulu virtar til fulls, og neyðarútgangar skulu vera óhindraðir. Gestir skulu fylgja fyrirmælum starfsmanna.

4. Notkun búnaðar og mannvirkis

- Notendur skulu nota búnað og mannvirki í samræmi við leiðbeiningar og sjá til þess að skila honum í sama ástandi. **Skemmdir skal tilkynna umsvífalaust til umsjónaraðila.**
- Bókaðir tímar skulu virtir, og notendur skulu ganga frá búnaði á sinn stað að notkun lokinni.
- Óheimilt er að nota þungan búnað, borð eða stóla, sem getur valdið tjóni á gólfefni ípróttasals án þess að teppa niður teppaflísar áður. Einnig er óheimilt að nota lóð eða annan þungan búnað sem getur valdið ákomu eða misfellum á gólfefni ípróttasals. Dæmi um slíkan búnað eru til dæmis ketilbjöllur eða kúluvarpskúlur.

5. Neysla matar og drykkjar

- Mat og drykk má einungis neyta á þar til gerðum svæðum. Neysla matar eða drykkjar er óheimil á æfingasvæðum, líkamsrækt og ípróttasal.

6. Nikótínvörur, áfengi og önnur vímuefni

- Allar nikótínvörur, þar með talið rafrettur, munntóbak og nikótínþúðar, eru stranglega bannaðar á öllum ípróttasvæðum, bæði innandyr og utandyr.
- Neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð á öllum ípróttavöllum, bæði í tengslum við ípróttaviðburði og daglega notkun.

7. Ábyrgð á persónulegum eigum

- Notendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Starfsfólk ípróttamannvirkja taka ekki ábyrgð á töpuðum eða skemmdum hlutum.

8. Viðurlög við brotum

- Brot á reglum getur leitt til munnlegrar áminningar, skriflegrar áminningar eða útilokunar frá aðstöðunni, allt eftir alvarleika brotsins:
 - Fyrsta brot: Munnleg áminning.
 - Annað brot: Skrifleg áminning.
 - Þriðja brot: Tímabundin eða varanleg útilokun frá aðstöðunni.